

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 – 1995

9. janúar 1995

47

Nr. 22

REGLUGERÐ

um brennisteinsmagn í gasolíu.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr rýrnun á loftgæðum af völdum brennisteinsdíoxíds, sem myndast við bruna brennisteinssambanda í gasolíu.

2. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Reglugerð þessi gildir um gasolíur sem notaðar eru beint sem eldsneyti.

Gasolíur eru skilgreindar sem allar jarðolíuafurðir sem vegna eimingarmarka sinna flokkast undir meðalléttar olíur sem ætlaðar eru til notkunar sem eldsneyti og að minnsta kosti 85% af rúmmáli þeirra eimast við 350°, að meðtöldu tapi við eimingu.

Reglugerðin gildir ekki um steinolíu fyrir flugvélar.

Brennisteinsmagn í gasolíu er magn brennisteinssambanda, gefið upp sem brennisteinn, sem mælt er í gasolíu með ISO-aðferðinni 8754 og metið tölfræðilega samkvæmt ISO-staðli 259 (útgefnum 1979), eða önnur sambærileg mæliaðferð.

3. gr.

Takmarkanir.

Innflutningur og sala á gasolíu er bönnuð ef brennisteinsmagn fer yfir 0,2%.

4. gr.

Innra eftirlit.

Innflytjendur á gasolíu bera ábyrgð á því að ákvæði reglugerðarinnar séu uppfyllt. Þeir skulu árlega taka saman yfirlit um brennisteinsmagn í gasolíu sem þeir flytja inn og senda eftirlitsaðila yfirlit fyrra árs fyrir 15. mars ár hvert.

5. gr.

Eftirlit.

Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1993, og samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustu-

hætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum. Reglugerðin er enn fremur sett með hliðsjón af 1. viðbótarpakka EES-samningsins, II. viðauka, XVII. kafla 6. tl. (tilskipun 93/12/EBE).

Reglugerð þessi tekur gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 9. janúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Sogsfossa, Grímsneshreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 9. janúar 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sogsfossa í Grímsneshreppi 1989-2009.

Breytingin er að áður áformuð íbúðasvæði verða að sumarbústaðasvæðum.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsneshrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 9. janúar 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 9. janúar 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðar eystri 1981-2001, sem staðfest var 16. apríl 1982.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Gatnamót væntanlegs vegar til Loðmundarfjarðar eru flutt um 70 metra til suðurs og íbúðasvæðum til síðari aukningar breytt til samræmis, en þó þannig að 12 metra breytt grænt svæði verður meðfram veginum.